

142. fundargerð

skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms

12. september 2011

142. fundur skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms var haldinn 12. september 2011 kl. 17:15 á skrifstofu skólastjóra.

Dagskrá

1. Skýrsla skólastjóra
2. Reglur um framlög til eflingar á tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda
3. Önnur mál

Mætt voru: Jóhanna Guðmundsdóttir, Sigurborg Sturludóttir og Unnur Sigmarsdóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Skýrsla skólastjóra

Breytingar á starfsfólki. Martin kom nýr inn og Hjálmar datt út. Lasló kemur brátt aftur úr feðraorlofi. Hólmgeir á inni tvöfalt feðraorlof og ætlar að fresta töku síns feðraorlofs um sinn. Höfum fengið margar nýjar umsóknir þrátt fyrir hækkun skólagjalda.

Dagatal: Skólinn hófst 25. ágúst. Kennarar ætla að fara í náms- og kynnisferð til Akureyrar og Húsavíkur dagana 28. – 30. september. Þetta ferðalag er styrkhæft úr endurmenntunarsjóði kennara. Skólastjóraþingið verður á Akureyri dagana 1. – 2. október, svæðisþing kennara verður á Akranesi föstudaginn 7. október og svo landsmót Skólalúðrasveita eldri á Selfossi helgina 7. – 9. október. Tónfundir verða haldnir í lok október. Bíódagur verður haldinn 14. nóvember þar sem valdar verða bíómyndir ríkar af tónlist. Lúðrasveitin stefnir á hausttónleika 17. – 18. nóvember. Jólatónleikar og jólatímar/jólaheimsóknir verða haldnir svo í desember. Kennsla hefst 3. janúar aftur eftir áramót. Dagur tónlistarskólananna verður haldinn 25. febrúar. Svæðistónleikar fyrir Nótuna 2012 verða haldnir 10. mars, staðsetning óákveðin. Lokahátíð Nótunnar verður svo haldin í Eldborg í Hörpunni sunnudaginn 18. mars. Skólaslit verða svo haldin á uppstigningadag 17. maí.

Niðurskurður bæjarins mun aðallega bitna á tónfræðakennslu og meðleik í söng og fyrir lengra komna blásara. Spurning um að endurskoða tónfræðakennsluna um áramótin.

2. Reglur um framlög til eflingar tónlistarnámi

Komin reglugerð um framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnuna á aðstöðumun nemenda. Umsóknarfrestur var lengdur til 30. september til að að sækja um framlög úr þessum jöfnunarsjóði. Tónlistarskólinn ætlar að sækjum um fyrir 8 nemendur sem eru á framhaldsstigi. Einnig verður sótt um fyrir tvo nemendur á miðstigi.

3. Önnur mál

Námskrá skólans verður endurskoðuð og verður borin undir skólanefnd á næsta fundi. Tónlistarskólinn stefnir á að taka þátt í söfnun og hátíðarhöldum vegna komu nýja orgelsins. Rætt var um nýtingu salarins og hvort eigi að innheimta leigu og hvernig eigi að standa að því. Stefnum að næsta fundi þriðjudaginn 1. nóvember kl. 17.

Fundi slitið kl. 18:25

Jóhanna Guðmundsdóttir (sign)

Sigurborg Sturludóttir (sign)

Unnur Sigmarsdóttir (sign)